

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Rangárþings eystra vegna skógræktar í landi Miðeyjarhólms.

Skipulagsstofnun staðfesti 25. nóvember 2025 breytingu á aðalskipulagi Rangárþings eystra 2020-2032 sem samþykkt var í sveitarstjórn 1. október 2025.

Í breytingunni felst skilgreining á um 105,6 ha skógræktar- og landgræðslusvæði (SL17) í landi Miðeyjarhólms og landbúnaðarland (L2) minnkar til samræmis.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 25. nóvember 2025.

F.h. forstjóra,
Guðrún Lára Sveinsdóttir.

B deild - Útgáfudagur: 9. desember 2025